

**Nd.**

**173. Frumvarp til laga**

**[98. mál]**

um breyting á lögum nr. 40 1942, um breyting á lögum nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „fyrir árslok 1947“ í 1. gr. laganna komi: fyrir 1. júlí 1951.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga um lax- og silungsveiði var landeigendum veittur réttur til að leysa til sín hverjum fyrir sinni landareign, veiðiréttindi, sem skilin höfðu verið við landeignina áður en lög þessi tók gildi, ef fullnægt væri viss- um skilyrðum, sem lögin setja, þar á meðal stofnun veiðifélags. Krafan um inn- lausn skyldi fram lögð í síðasta lagi fyrir árslok 1947.

Þótt fresturinn, er lögin veittu landeigendum til að krefjast innlausnar, virtist allrúmur, hefur reynslan orðið á þá leið, að á nokkrum stöðum urðu landeigendur, er hug höfðu á þessu, of seinir til að krefjast innlausnar, með því að ekki tókst að fullnægja ákvæðum laganna um stofnun veiðifélags áður en innlausnarfresturinn var útrunninn.

Með frv. er lagt til, að þessum landeigendum verði nú enn veitt tækifæri til að innleysa til sín veiðiréttinn, með því að framlengja innlausnarfrestinn til 1. júlí 1951, enda verði þá ekki frekari frestur veittur í þessum efnun.